



Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

Reykjavík, 6. janúar 2025

MSS21110025

Nordic Safe Cities

Safer Queer Cities - Öruggar borgir fyrir hinsegin fólk

NIKK – Norræni LGBTI sjóðurinn hefur veitt styrk að upphæð 485.000 danskar kr., til verkefnisins *Safer Queer Cities (Öruggar borgir fyrir hinsegin fólk)*. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar tekur þátt í verkefninu í samvinnu við Nordic Safe Cities, Cybernauterne í Danmörku og Center for Research on Extremism (C-REX), Noregi.

Markmið verkefnisins, sem er til tveggja ára, er að greina hatur og áreitni gegn hinsegin fólk á netinu. Það getur birst í allt frá niðrandi athugasemdum til hótana og neteineltis sem getur valdið fólki vanlíðan, dregið fram skaðlegar staðalímyndir og alið á rangfærslum um hinsegin fólk.

Reykjavíkurborg þreytir frumraun í verkefninu, þar sem aðstæður verða kortlagðar og aðgerðaáætlun þróuð í samstarfi við sérfræðinga, borgarsamfélagið og samtök hinsegin fólks. Með þessu er stefnt að því að skapa öruggara borgarumhverfi fyrir hinsegin fólk í Reykjavík.

Óskað er eftir að bréf þetta sé lagt fram til upplýsingar á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs.

Guðný Bára Jónsdóttir
Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa
Miðlæg stjórnsýsla



Reykjavík